

## **224. fundur skólanefndar Fjölbautaskóla Suðurlands – haldinn 16. febrúar 2024**

Mætt: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir (formaður), Jón G. Valgeirsson (varaformaður), Einar Freyr Elínarson (varamaður Sigurðar Einars Guðjónssonar fulltrúa sveitarfélaganna), Kristjana Sigríður Skúladóttir (fulltrúi kennara), Olga Lísa Garðarsdóttir (skólameistari), Samúel Örn Erlingsson (skipaður af ráðherra) Sigríður Anna Guðjónsdóttir (skipuð af ráðherra), Sigursveinn Sigurðsson (aðstoðarskólameistari).

Sigurður Einar Guðjónsson boðaði forföll.

Formaður skólanefndar setti fundinn kl. 13:00.

### **Dagskrá:**

1. Kosning formanns skólanefndar - OLG
2. Tölfræði vorannar 2024 - OLG
3. Endurmenntun á Reykjum – OLG
4. Framtíð heimavistar FSu – OLG
5. Fræðslunet Suðurlands – SMS
6. Önnur mál ?

### **1. Kosning formanns skólanefndar – OLG**


Samþykkt samhljóða að Jóhanna Ýr gegni formennsku skólanefndar áfram og Jón varafonnensku.

### **2. Tölfræði vorannar 2024 - OLG**

Skólameistari fór yfir tölfræði vorannarinnar sem áfangastjóri tók saman. Nemendur í dagskóla voru í byrjun annar 879 talsins, þar af voru 834 nemendur sem koma frá upptökusvæði skólans. Aðrir koma lengra að. Áfram er meirihluti nemenda skráður til heimilis í sveitarfélagini Árborg. Lagt til að aðgreina framvegis póstnúmer 801-806 í tölfraðinni.

Opin lína stúdentsbrautar er áfram fjölmennasta brautin í skólanum en 258 nemendur eru skráðir á hana. Umræða um akademíur og nám á stúdentsbrautum. Umræða um nám á hinum ýmsu námsbrautum skólans.

Skólameistari sagði frá rafrænum ferilbókum fyrir vinnustaðanámið á starfsnámsbrautum skólans. Nú er lögð áhersla á að nemendur brautskráist ekki af viðkomandi brautum fyrr en að loknu vinnustaðanámi. Verið er að innleiða þetta verklag. Einnig nefnt að mögulega þurfi skólinn að útfæra skólaleið fyrir vinnustaðanámið ef ekki tekst að finna pláss fyrir nemana. Umræða um ferilbækurnar og ábyrgð atvinnulífsins. Einhver fyrirtæki á svæðinu hafa lýst



áhuga á því að gera samning við skólann og skuldbinda sig til að taka við ákveðnum fjölda nema frá skólanum hverju sinni.

Það kom fram að hlutfall nemenda í dagskóla sem hafa sagt sig úr námi hefur verið nokkuð stöðugt undanfarin ár og er oftast á milli þrjú og fjögur prósent.

Umræða um bakgrunn nemenda skólans, í dag eru um 50 nemendur skólans með erlent ríkisfang. Víða á Suðurlandi er hlutfall þessa nemendahóps talsvert hærra í grunnskólum.

### **3. Endurmenntun á Reykjum – OLG**

Skólameistari sagði frá endurmenntuninni sem hefur verið starfrækt lengi á Reykjum og fylgdi til FSu við sameininguna. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er framhaldsskólum heimilt að bjóða upp á endurmenntun en þó þarf að gæta að blanda henni ekki saman við annan rekstur skólans í bókhaldinu. Námskeiðsgjöldum er ætlað að standa undir rekstri endurmenntunarinnar.

### **4. Framtíð heimavistar FSu – OLG**

Skólanefnd upplýst um framtíð heimavistar við skólann. Málið er í ferli.

### **5. Fræðslunet Suðurlands – SMS**

Aðstoðarskólameistari greindi frá því hann hefði sagt sig frá stjórn Fræðslunets Suðurlands. Lagt til að skólanefnd tilnefni Ester Ýr Jónsdóttur sem fulltrúa FSu í stjórn Fræðslunetsins og Björgvin E. Björgvinsson hennar varamann. Tillagan var samþykkt samhljóða.

### **6. Önnur mál**

Umræða um félagslíf nemenda. Árshátið nemendafélagsins var haldin í Hvítá húsinu í gærkvöldi. Kór skólans hélt til Danmerkur í morgun. Kátir dagar og Flóafár er svo fram undan.

Næsti fundur skólanefndar verður haldinn 19. apríl kl. 13:00

Fundi slitið kl. 14:35

Fundargerð ritaði Sigursveinn Sigurðsson.

Jóhanna Þórhalla  
Jón S. Ólafsson.  
Ólafur Þorsteinsson  
Ólga Þóra Garðarsdóttir  
Sigursveinn Sigurðsson